



Vinningstillaga, göngu- og hjólabrýr yfir Elliðaárósa. Myndvinnsla: Magnús Andersen.

## Vinningstillaga í samkeppni um göngu- og hjólabrýr yfir Elliðaárósa:

### Einfalt, frumlegt og djarft form

Áður birt á [Reykjavik.is](http://Reykjavik.is)

Tillögur í hönnunarsamkeppni Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar um göngu- og hjólabrýr yfir Elliðaárósa og hjólaleið um norðurenda Geirsnefs voru kynntar 3. maí að viðstöddum þátttakendum og dómnefnd. Sýning á tillögunum hékk uppi í Ráðhúsi Reykjavíkur til 14. maí.

Pegar nafnleynd var aflétt kom í ljós að höfundar vinningstillögunnar voru frá Teiknistofunni Tröð, þau Hans-Olav Andersen og Sigríður Magnúsdóttir, arkitektar. „Einfalt en jafnframt frumlegt og djarft form einkennir tillöguna,“ segir í álitni dómnefndar um verðlaunatillöguna. „Styrkur tillögunnar er tvímælalaust einfalt og sterkt burðarform, sem felur í sér nýstárlega nálgun viðfangsefnisins.“ Dómnefndin reiknar með að mannvirkið geti orðið ákveðið kennileiti og vakið áhuga fólks til útivistar á svæðinu.

Það var svo hópur þriggja arkitekta sem vann 2. verðlaun,

þeir Jón Davíð Ásgeirsson, Guðni Björn Valberg og Andri Gunnar Lyngberg Andrésson. Um tillögu þeirra félagar segir dómnefndin að hún sé „látlaus og högvær og feli í sér einfaldan glæsileika.“ Bent er á aðlögun sveigðra brúa og stíga að landi, sem og að faguð lausn á handriðum sé í samræmi við einfaldleika tillögunnar.

Priðja verðlaunatillagan reyndist vera samstarfsverkefni Kanon arkitekta og verkfræðistofunnar Hnits. „Brýr eru léttar og svífandi og formaðar út frá burðarþoli,“ segir í álitni dómnefndar sem mat samspil brúa, stíga og landslags mjög gott.

### Vinningstillaga hönnuð áfram til útboðs


Tilgangur samkeppninnar var að fá fram frjóar og áhugaverðar, en jafnframt raunhæfar hugmyndir um þessa nýju hjólaleið sem tengjast mun neti hjólastíga í borginni. Í keppnislýsingu er gert ráð fyrir að samið verði við höfunda fyrstu verðlaunatillögu um áframhaldandi hönnun á verkefninu til útboðs og gangi

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 9. tbl. 20. árg. nr. 587 14. maí 2012

Ritsjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafolk. Áskrift er endurgjaldslaus.



áætlanir eftir má búast við að nýja göngu- og hjólaleiðin verði tilbúin í haust. Hún mun stytta leiðina milli Grafarvogs og miðborgar umtalsvert eða um 0,7 km. Gert er ráð fyrir aðskilnaði gangandi og hjólandi umferðar með það í huga að stuðla að bættu umferðaröryggi og gera leiðina greiðari. Umferð hjólandi og gangandi yfir Elliðaár er mikil og má gera ráð fyrir að hún aukist með tilkomu nýju leiðarinnar.

#### Eftirsóknarvert verkefni

Góð þátttaka var í samkeppninni, en alls bárust 16 tillögur sem teknar voru til umfjöllunar af dómnefnd sem skipuð var fulltrúum Reykjavíkurborgar, Vegagerðarinnar, Verkfræðingafélagi Íslands (VFÍ) og Arkitektafélagi Íslands (AÍ). Dómnefndin gerði skilmerkilega grein fyrir starfi sínu í samantekt um allar innkomnar tillögur og sérstaklega verðlaunatillögurnar þrjár, sem metnar voru á seinna þrepi keppinnar. Í keppnislýsingu var fyrirfram ákveðið vægi þriggja þátta: Fagurfræði/útlit 35%, tæknileg hönnun 35% og kostnaður 30%.

#### Dómnefnd og ráðgjafar

Dómnefnd keppinnar skipuðu eftirtaldir:

Ámundi Brynjólfsson, verkfræðingur frá Framkvæmda- og eignasviði, formaður, Guðrún Þóra Gardarsdóttir, verkfræðingur frá Vegagerðinni, Sigurður R. Ragnarsson, verkfræðingur tilnefndur af VFÍ, Stefán Agnar Finnsson, verkfræðingur frá Umhverfis- og samgöngusviði, Valdís Bjarnadóttir, arkitekt FAÍ tilnefnd af AÍ.

Ráðgjafar dómnefndar voru:

Björn Axelsson, landslagsarkitekt frá Skipulags- og byggingarsviði, Ólafur Stefánsson, tæknifræðingur frá Framkvæmda- og eignasviði, Rúnar Gunnarsson, arkitekt frá Framkvæmda og eignasviði, Þorgeir Þorbjörnsson, verkfræðingur frá Umhverfis- og samgöngusviði, Gylfi Sigurðsson, verkfræðingur frá Vegagerðinni.

Ritari dómnefndar var Anna Pála Pálsdóttir, arkitekt, Framkvæmda- og eignasviði. Trúnaðarmaður tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands var Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ.

Myndir af vinningstillögum eru á vef Reykjavíkurborgar, <http://www.reykjavik.is>



## Efling almenningsgangna

Fulltrúar Vegagerðarinnar og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skrifuðu þann 7. maí undir samkomulag um 10 ára tilraunaverkefni um eflingu almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangur verkefnisins er að tvöfalda hlutdeild almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu, lækka samgöngukostnað heimila og samfélagsins og stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.

Ríkisstjórnin heimilaði innanríkisráðherra og fjármálaráðherra að ganga frá samningnum á fundi sínum þann 17. apríl og borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarráð allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem eru aðilar að Strætó bs. hafa samþykkt að veita stjórn SSH heimild til undirritunar. Sveitarfélögin eru Reykjavík, Seltjarnarneskaupstaður, Kópavogsbær, Garðabær, Hafnarfjörður, Sveitarfélagið Álftanes og Mosfellsbær.

Innanríkisráðherra, fjármálaráðherra, stjórnarformaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og fulltrúi Vegagerðarinnar undirrituðu síðastliðið haust viljayfirlýsingu um tilraunaverkefnið og með undirritun nú verður hægt að hefja öflugri þjónustu strax í haust.

Meginmarkmið og tilgangur tilraunaverkefnisins er m.a. eftirfarandi:

- Að minnsta kosti að tvöfalda hlutdeild almenningsgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu á samningstímanum.
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og umferðarslysa.
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum.
- Að skapa forsendur til frestunar á stórum framkvæmdum í samgöngumannvirkjum með öflugri almenningsgangum sem dragi úr vexti bílaumferðar á stofnbrautakerfinu á annatímum.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að leggja fjármuni til verkefnisins sem hér segir:

- Vegagerðin leggur fram 350 milljónir króna á árinu 2012, eftir það 900 milljónir króna árlega á samningstímanum og 550 milljónir króna lokaárið 2022 til reksturs almenningsgangna á starfssvæði SSH.

b) Eigendur Strætó bs. skuldbinda sig til að árlegt framlag þeirra til reksturs Strætó bs. verði ekki lægra á samningstímanum en sem nemur framlagi þeirra til reksturs byggðasamlagsins á árinu 2012.

Fjárframlög samningsaðila skulu taka breytingum í samræmi við vísitölur sem tilgreindar eru í samningnum.

Í samningaviðræðum hefur verið gengið út frá því að viljayfirlýsingin frá september 2011 standi óbreytt, að ríkið leggi 1.000 milljónir króna á ári í tíu ár í verkefnið, alls 10 milljarða króna. Til SSH fari 90% af þeirri fjárhæð og 10% í rekstur almenningsgangna milli höfuðborgar-svæðisins og byggðakjarna á áhrifsvæði þess að undangengnum samningnum við viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga.

Stýrihópur, skipaður tveimur fulltrúum ríkisins og tveimur fulltrúum sveitarfélaganna skal hafa yfirumsjón með framkvæmd og úrvinnslu samningsins. Undir stjórn stýrihópsins verður framvinda og árangur verkefnisins metinn með kerfisbundnum hætti á tveggja ára fresti og samningurinn endurskoðaður. Við þessa reglubundnu endurskoðun skulu samningsaðilar skilgreina aðgerðir og viðbrögð sem þörf er á til að tryggja framvindu í samræmi við markmið samningsins. Meðal annars verða forsendur fyrir frestun umfangsmikilla vegafarmkvæmda endurmetnar.

Starfshópur innanríkisráðuneytisins undirbjó samningsgerðina af hálfu ríkisins og sátu í eftirtaldir: Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri sem var formaður hans, Baldur Grétarsson, deildarstjóri hjá Vegagerðinni, Jónas Snæbjörnsson, svæðisstjóri, Vegagerðinni, Kristín H. Sigurbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri, Vegagerðinni, Þorsteinn R. Hermannsson, verkfræðingur, innanríkisráðuneytinu og Ögmundur Hrafn Magnússon, fjármálaráðuneytinu.

Í samninganefnd SSH sátu eftirtaldir: Gunnar Einarsson, bæjarstjóri sem var formaður hennar, Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri, Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarritari og Haraldur Sverrisson bæjarstjóri. Með nefndinni starfaði Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH.

Fréttatilkynning frá innanríkisráðuneyti, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðinni 7. maí 2012.



Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Haraldur Sverrisson Mosfellsbæ, Jón Gnarr Reykjavík, Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra, Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, Pálmi Þór Músson Álftanesi, Ármann Kr. Ólafsson Kópavogi, Guðmundur Rúnar Árnason Hafnarfirði og Gunnar Einarsson Garðabæ skrifuðu undir samninginn í blíðunni fyrir framan Höfða í Reykjavík.

## Auglýsingar útboða

### Norðausturvegur (85),

#### tenging við Vopnafjörð 12-014

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð nýrrar tengingar við þéttbýlið í Vopnafirði, alls um 2,5 km af vegum, ásamt gerð áningarstaðar og bílastæðis við kirkjugarð.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	10.800 m <sup>3</sup>
- þar af bergskeringar	3.200 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	4.900 m <sup>3</sup>
Fylling	44.100 m <sup>3</sup>
Ræsi	190 m
Neðra burðarlag	14.200 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	4.800 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	22.300 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	38.900 m <sup>2</sup>
Götulýsing, skurðir	1.130 m
Hellulögn, steypar stéttar	230 m <sup>2</sup>
Skjólveggir, timburleiðarar	11 stk.
Gróðurbeð, þökulagning	490 m <sup>2</sup>

Skila skal vegum með neðra burðarlagi fyrir 1.

desember 2012 og öllu verkinu fyrir 1. september 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 15. maí 2012. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 30. maí 2012 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Biskupstungnabraut (35),

#### hringtorg við Borg í Grímsnesi 12-010

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð hringtorgs ásamt aðlögun aðliggjandi vega á mótum Biskupstungnabrautar og Sólheimavegar við Borg í Grímsnesi.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og neðra burðarlag	5.195 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	1.115 m <sup>3</sup>
Kantsteinar	600 m
Eyjar með túnþökum	490 m <sup>2</sup>
Eyjar með steinlögðu yfirborði	575 m <sup>2</sup>
Ljósastaurar	14 stk.
Klæðing	480 m <sup>2</sup>
Malbik	6.110 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. september 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 15. maí 2012. Verð útboðsgagna er 6.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 30. maí 2012 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

*Framkvæmdir við Suðurlandsveg frá Litlu kaffistofunni að Lögbergsbrekku eru hafnar á ný. Þetta er síðasti áfanginn í þessu verki þar sem aðallega verður unnið við að endurgera gamla veginn (akbrautina í austur). Gatnamótin við Bolaöldur og Bláfjallaveg verða fullgerð, með að- og fráreinum og einnig verða settar hellulagðar eyjar (svokallaðir dropar) í gatnamótin til að aðgreina akstursstefnur.*

*Vegfarendur eru beðnir að aka varlega um framkvæmdasvæðið og virða merkingar um hámarks hraða. Framkvæmdunum lýkur í lok júlí en fram að þeim tíma eiga akstursleiðir innan framkvæmdasvæðisins eftir að breytast og verður umferð flutt á milli akreina eftir því sem verkinu vindur fram.*

*Að síðustu verður lagt nýtt slitlag á eldri akbrautina en nýja akbrautin í vestur var malbikuð í sl. sumar.*

### Villingaholtsvegur (305),

#### Hamarsvegur - Sandbakki 12-041

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbýggingu 2,8 km Villingaholtsvegar frá Hamarsvegi að Sandbakka, ásamt útlögn klæðingar.

Helstu magntölur eru:

Fylling	6.950 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	2.530 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	6.585 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	2.875 m <sup>3</sup>
Efnisvinnsla	9.460 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	22.280 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	20.315 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. september 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 15. maí 2012. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 30. maí 2012 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Skagafjarðarvegur (752),

#### Svartá - Stekkjarholt 12-023

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbýggingu um 8,2 km Skagafjarðarvegar frá Svartá að Stekkjarholti, ásamt útlögn klæðingar.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	8.100 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	4.700 m <sup>3</sup>
Fylling	3.500 m <sup>3</sup>
Ræsi	85 m
Neðra burðarlag	13.200 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	9.900 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	53.900 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	65.700 m <sup>2</sup>

Skila skal 5 km af vegi með neðra lagi klæðingar fyrir 1. september 2012 og öllu verkinu fyrir 15. júlí 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 14. maí 2012. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 30. maí 2012 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



## Niðurstöður útboða

### Yfirlagnir á Suðvestur-, Suður- og Norðvestursvæðum 2012, malbik 12-008

Tilboð opnuð 8. maí 2012. Yfirlagnir með malbiki á Suðvestur-, Suður og Norðvestursvæðum árið 2012.

Helstu magntölur:

Malbik	17.800 tonn
Útlögn	136.700 m <sup>2</sup>
Hjólfarafylling	32.400 m <sup>2</sup>
Fræsing	46.200 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 20. ágúst 2012.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	557.216.000	100,0	156.129
3	Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	483.147.800	86,7	82.061
2	Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík*	457.598.490	82,1	56.511
1	Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfjörður*	401.087.031	72,0	0

\* Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. og Malbikunarstöðin Höfði hf. skiluðu einnig inn frávikstilboðum.

### Styrkingar og endurbætur á Laugarvatnsvegi (37) og Böðmódsstaðavegi (366) 12-011

Tilboð opnuð 8. maí 2012. Endurbýgging 2,3 km Böðmódsstaðavegar og styrkingar á 0,7 km kafla Laugarvatnsvegar, ásamt útlögn klæðingar.

Helstu magntölur eru:

Fláafleygar	3.985 m <sup>3</sup>
Fylling	8.860 m <sup>3</sup>
Purrfræsun	4.350 m <sup>2</sup>
Neðra burðarlag	6.225 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	2.890 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	19.910 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	25.460 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2012.



nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	North Atlantic Mining Associated Ltd., Reykjanesbæ	67.793.550	129,4	23.995
3	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	53.984.950	103,0	10.187
---	Áætlaður verktakakostnaður	52.400.000	100,0	8.602
2	Vörubílstjórafélagið Mjöllnir, Selfossi	49.204.250	93,9	5.406
1	Bíladrangur ehf., Vík	43.798.200	83,6	0

## Endurbætur á Hringvegi (1)

### á Vatnsskarði, Vatnshlíð - Valadalsá

Í síðasta tölublaði var auglýst eftir tilboðum í endurbyggingu á 2 km kafla Hringvegur (1) á Vatnsskarði, frá bænum Vatnshlíð að Valadalsá. Endurbyggður vegur verður vegtegund C9, heildarbreidd 9,0 m þar af er akbrautin 7,0 m og hvor öxl 1,0 m. Vegurinn verður með 8,8 m breiðu bundnu slítlagi og 0,10 m af hvorri öxl verður malaröxl. Vegurinn (1) verður einnig hækkadur upp og ræsi framlengd eða endurnýjuð.

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. október 2012. Skila skal tilboðum þriðjudaginn 22. maí 2012.



Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Skýringar	
	Skeringarbrún
	Fláafótur fyllingar
	Akbrautarkantur
	Skurðbotn
	Öxl
	Landamerki
	Girðing

Þessi kafla Hringvegur (1) á Vatnsskarði verður endurbættur í sumar skv. útboði. Vatnshlíðarvatn til vinstri. Bærinn Vatnshlíð til hægri.



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:
	dagur, mánuður, ár
12-026 Styrkingar og endurbætur á Norðvestursvæði, festun	2012
12-028 Yfirlagnir á Norðvestursvæði, malbik	2012
12-013 Pingskálavegur (286) 2012	2012
12-012 Hringvegur (1), hringtorg við Gaulverjabæjarveg	2012
12-019 Styrkingar og endurbætur á Suðurfjarðarvegi (96) innan við Snæhvamm	2012
12-031 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	2012
12-021 Borgarfjaraðrbraut (50), vegagerð um Reykjadal­­sá	2012
12-030 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður, endurútboð	2012
12-024 Styrkingar og endurbætur á Hringvegi (1) norðan Fornahvamm­­s	2012
11-048 Strandavegur (643), Djúpvegur - Geirmundastaðavegur í Steingrímsfirði	2012
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
12-041 Villingaholtsvegur (305), Hamarsvegur - Sandbakki	14.05.12 30.05.12
12-010 Biskupstungnabraut (35), hringtorg við Borg í Grímsnesi	14.05.12 30.05.12
12-023 Skagafjarðarvegur (752), Svartá - Stekkjarholt	14.05.12 30.05.12
12-014 Norðausturvegur (85), tenging við Vopnafjörð	14.05.12 30.05.12
12-037 Brú á Miðá (54) viðgerð steypu	07.05.12 22.05.12
12-038 Brú á Hvolsá (590) viðgerð steypu	07.05.12 22.05.12
12-039 Brú á Böðvarsdalsá (917) viðgerð steypu	07.05.12 22.05.12
12-040 Brú á Búlandsá (1) viðgerð steypu	07.05.12 22.05.12
12-029 Hringvegur (1), breikkun á þverun Borgarfjarðar	07.05.12 22.05.12
12-025 Endurbætur á Hringvegi (1) á Vatnsskarði, Vatnshlíð - Valadalsá	07.05.12 22.05.12
12-035 Svartá hjá Barkarstöðum, stálbitar	23.04.12 15.05.12
11-055 Vaðlaheiðargöng, eftirlit	12.09.11 óákveðið
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
12-008 Yfirlagnir á Suður-, Suðvestur- og Norðvestursvæðum 2012, malbik	23.04.12 08.05.12
12-033 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2012, repave - fræsing og malbik	23.04.12 08.05.12
12-011 Styrkingar og endurbætur á Laugarvatnsvegi (37) og Böðmósstaðavegi (366)	23.04.12 08.05.12
12-016 Skíðadalsvegur (807), Skáldalækur - Brautarhóll og Hofsa - Ytra Hvarf	02.04.12 24.04.12

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
12-018 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2012	02.04.12	17.04.12
12-015 Borgarfjarðarvegur (94), um Njarðvíkurá	19.03.12	11.04.12
12-032 Grassláttur á Suðvestursvæði 2012-2013	19.03.12	03.04.12
12-017 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2012, klæðing	19.03.12	03.04.12
11-054 Vaðlaheiðargöng, stálbitar fyrir bráðabirgðabrá	05.09.11	27.09.11
11-042 Vaðlaheiðargöng bráðabirgðabrá fyrir vinnuumferð	29.08.11	13.09.11
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	11.10.11
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
12-027 Yfirlagnir á Norðvestursvæði, 2012, klæðing <i>Borgarverk ehf., kt. 540674-0279</i>	03.04.12	27.04.12
11-047 Vestfjarðavegur (60), Eiði - Þverá <i>Suðurverk hf. kt. 520885-0219</i>	27.03.12	03.05.12

### Niðurstöður útboða

<p><b>Yfirlagnir á Suðvestursvæði og Norðvestursvæði 2012, repave - fræsing og malbik</b></p> <p>12 - 033</p> <p>Tilboð opnuð 8. maí 2012. Yfirlagnir með repave aðferð eða fræsingu og malbiki á Suðvestursvæði og Norðvestursvæði árið 2012.</p> <p>Helstu magntölur:</p> <table> <tbody><tr> <td>repave - fræsing og malbik, yfirlagnir</td> <td>99.900 m<sup>2</sup></td></tr> <tr> <td>Verki skal að fullu lokið 20. ágúst 2012.</td> <td></td></tr> </tbody></table>	repave - fræsing og malbik, yfirlagnir	99.900 m <sup>2</sup>	Verki skal að fullu lokið 20. ágúst 2012.				
repave - fræsing og malbik, yfirlagnir	99.900 m <sup>2</sup>						
Verki skal að fullu lokið 20. ágúst 2012.							
nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)			
<b>Yfirlagnir með repave-aðferð:</b>							
---	Áætlaður verktakakostnaður	264.032.000	100,0	36.715			
2	Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði	251.419.000	95,2	24.102			
1	Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	227.317.500	86,1	0			
<b>Yfirlagnir með fræsingu og malbiki:</b>							
2	Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík	298.618.245	113,1	47.199			
---	Áætlaður verktakakostnaður	264.032.000	100,0	12.613			
1	Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði	251.419.000	95,2	0			